

Mál nr. 9/2007

M og  
V-1 v. A og  
V-2 v B

Árekstur bifreiða á Langholtsvegi í Reykjavík þ. 2.5.2006 .

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.1.2007 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 479/06
3. Lögregluskýrsla dags. 3.5., 22.6. og 19.12.2006

## Málsatvik.

A var ekið vestur Langholtsveg í fyrirhugaða U beygju og leggja í stæði. B var ekið í sömu átt og varð árekstur með bifreiðunum skammt vestan við Holtaveg. Ökumaður A segist hafa ætlað að taka U beygju og gefið stefnuljós og ekið örlítið til vinstri í því skyni að hafa betra pláss til að beygja en þá hafi B verið ekið inn í hliðina á A en A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður B segir að A hafi verið ekið til vinstri eins og meiningin væri að leggja A í stæði vinstra megin götunnar en allt í einu hafi A verið snúið til hægri og árekstur orðið. Bremsuför eftir B mældust 18.9 metrar. Í viðbótarskýrslum hjá lögreglu segir ökumaður B að hann hafi e.t.v. ekið á 60 km. hraða en hámarkshraði þar sem áreksturinn varð eru 50 km. Ökumaður B segir að A hafi ekki verið kyrrstæð þegar árekstur varð en ökumaður A heldur fast við þann framburð. Af hálfu ökumanns A er því haldið fram að ástæða árekstursins hafi verið sú að B hafi ekið of hratt og ekki veitt A athygli.

## Álit.

Ágreiningslaust er með öikumönnum að A hafi verið ekið til hægri áður en bifreiðinni var ekið til vinstri í fyrirhugaða U beygju. Þá liggur fyrir að B var ekið of hratt í umrætt sinn og yfir leyfilegum hámarkshraða á götunni þar sem áreksturinn varð. Báðir ökumenn bera því sök á árekstrinum en A þó meginsökina þar sem hann beygir í veg fyrir B. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að fella 2/3 sakar á A og 1/3 sakar á B

## Niðurstaða.

Aber 2/3 sakar og Bber 1/3 sakar.

Reykjavík 13.2. 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.